

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 Reykjavík


Reykjavík 27. október 2020

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013 (kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði), 55. mál.

Líkt og fram kemur í greinargerð með umræddu frumvarpi hafa frumvörp sem stefna að sama markmiði verið lögð fram nokkrum sinnum áður, síðast á 150. löggjafarþingi (18. mál).

Neytendasamtökin hafa lengi verið andvíg stimpilgjöldum, fagna framkomnu frumvarpi og lýsa sig fylgjandi að frumvarpið verði samþykkt sem lög. Að öðru leyti vísa samtökin í fyrri umsagnir sínar um um fyrri frumvörp, sem sendar voru 15. janúar 2018 (21.mál) www.althingi.is/altext/erindi/148/148-135.pdf og 22. mars 2019 (88.mál) www.althingi.is/altext/erindi/149/149-4814.pdf

Virðingarfyllst,



Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



20. október 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 55. mál á 151. löggjafarþingi

*Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013
(kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði)*

Hagsmunasamtök heimilanna hafa ávallt verið hlynnt afnámi stimpilgjalda af viðskiptum einstaklinga með íbúðarhúsnæði til eigin nota. Ákveðið skref í þessa átt náðist með setningu nógildandi laga um stimpilgjald nr. 138/2013 sem gerðu lánaskjöl stimpilgjaldsfrjáls og drógu þannig úr hindrunum fyrir hreyfanleika neytenda á fjármálamarkaði. Með frumvarpi þessu er lagt til að skrefið verði stigið til fulls þannig að skjöl er varða kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði verði undanþegin stimpilgjaldi. Að mati samtakanna myndi slík breyting draga úr kostnaði við íbúðakaup og vera til þess fallin að stuðla að auknum hreyfanleika á fasteignamarkaði. Algengustu samningar sem féllu undir slíka undanþágu yrðu augljóslega kaupsamningar. Á hinn bóginn kemur ekki fram í athugasemdum með frumvarpinu hvort það sama skuli eiga við um aðrar tegundir samninga svo sem um búseturétt eða kaupleigu og væri því æskilegt að það yrði skýrt nánar við meðferð málsins. Að þessu gættu eru Hagsmunasamtök heimilanna þó almennt fylgjandi því að ofangreint frumvarp verði samþykkt sem lög.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Alþingi – nefndarsvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 10. nóvember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald nr. 138/2013 – 55. mál.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) vísar til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 26. október 2020, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013 (kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði). Breytingarnar sem lagðar eru til snúa að afnámi stimpilgjalds vegna íbúðakaupa einstaklinga. Sambærilegt frumvarp hefur áður verið lagt fram og skilaði íbúðalánasjóður, forveri HMS, umsögn þann 16. janúar 2018 um sama efni á 148. löggjafarþingi.¹

Í umsögninni frá ÍLS 2018 var farið yfir möguleg áhrif af afnámi stimpilgjaldsins og vísað í rannsóknir þess efnis. HMS ítrekar fyrri umsögn þar sem kemur fram að afnám gjaldsins geti leitt til þess að fasteignaverð hækki að einhverju leyti og að íbúðaviðskiptum fjölgi og vísar því í þá umsögn varðandi möguleg áhrif af afnámi gjaldsins. Almennt með afnámi skattlagningar eykst skilvirkni markaðar og telur hagdeild að slíkt geti átt við í þessu tilfalli.

Sérstaklega má nefna að rannsóknir hafa sýnt að skattur á íbúðaviðskipti getur leitt til þess að fólk búi lengur í óhentugu húsnæði, dragi úr flutningi á milli svæða en hafi lítil áhrif á stærri ákvarðanir heimila t.d. varðandi atvinnu og annað sem markar mikilvæga lífsviðburði þess.² Ef kostnaður við flutning er mikill er fólk síður líklegt til að færa sig um set og flytja í betra húsnæði. Einn helsti ábati afnáms stimpilgjalds er því að minnka kostnaðinn fyrir heimili við það að skipta um húsnæði og getur sérstaklega haft áhrif á eldri borgara sem vilja minnka við sig og yngri fjölskyldur sem vilja stækka við sig. Því má segja að afnám gjaldsins sé líklegt til að hafa í för með sér samfélagslegan ábata. Hins vegar verður stimpilgjald einstaklinga hér á landi, í samanburði við önnur lönd, að teljast tiltölulega hóflegt og áhrifin af afnámi gjaldsins því líkast til óveruleg.

Virðingarfyllt
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar,



Ólafur Sindri Helgason,
yfirhagfræðingur

¹ Sjá hér: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-167.pdf>

² Sjá t.d. hér: <http://cep.lse.ac.uk/pubs/download/cp516.pdf>